

Selfossi, 30. október 2001

## **86. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 30. október 2001, kl. 09:00 í Kirkjuferjuháleigu.**

**Mætt:** Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur.

### **Dagskrá:**

1. Í upphafi fundar var Arnar Árnason, svæðisstjóri í Kirkjuferjuháleigu heiðraður af stjórn og samstarfsfólki í tilefni af sextugsafmæli hans 28. október sl.
2. **Fjárhagsáætlun 2002, ásamt 3 ára áætlun og tillögu að gjaldskrá 2002.**  
Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir kr. 49.700.000 í tekjur, þar af frá sveitarfélögunum kr. 38.300.000.  
Útgjöld eru áætluð kr. 49.700.000. Sömu tölur gilda fyrir árin 2003 til 2005.  
Fjárhagsáætlunin samþykkt með lítilsháttar breytingum.

Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá var lögð fram og samþykkt:

Sorp frá aðildarsveitarfélögunum	kr. 2,90 pr. kg.
Sláturúrgangur	kr. 5,65 pr. kg.
Annað aðflutt sorp	kr. 5,50 pr. kg.
Seyra	kr. 1,15 pr. kg.
Afgreiðslugjald	kr. 900,00 pr. skipti.
Trjákurllari	kr. 2.500,00 pr. klst.

Um er að ræða 15 % hækkun á milli ára en gert hafi áður verið ráð fyrir í langtímaáætlun að hækkunin yrði um 20 %.

Á næsta fundi verður lögð fram tillaga um gjald fyrir hjólbarða og timbur.

3. **Bréf frá Plastmótun, dags. 24. september sl. Frestað á síðasta fundi.**  
Samþykkt að veita fyrirtækinu 300 þús. kr. styrk. Jafnframt samþykkt að heimsækja fyrirtækið.
4. **Önnur mál.**
  - a) Lýsing við gatnamót Suðurlandsvegur og afleggjara að Kirkjuferjuháleigu.  
Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um kostnað.
  - b) Rætt um hugsanlega söfnun á leikföngum í samvinnu við Rauða krossinn.  
Samþykkt að fela Guðmundi að vinna áfram í málinu.

Fundi slitið kl. 11:10.

Karl Björnsson      Ágúst Ingi Ólafsson      Sesselja Jónsdóttir  
Þorvarður Hjaltason      Guðmundur Tryggvi Ólafsson

